



Samtök fræðsla og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Alþingi
Erindi nr. P 132/13
komudagur 9.11.2005

Sauðárkrókur 3. nóvember, 2005

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýtt tækifæri til náms, 7. mál.

Menntamálanefnd Alþingis sendi *Kvasi; samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni* til umsagnar þingsályktunartillögu um nýtt tækifæri til náms, 7. mál. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við þingsályktunina og óskast teknar til greina:

1. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni innan Kvais telja mikilvægt að í greinargerðinni verði skilgreint með ákveðnum hætti hlutverk, starfsemi og aðkoma fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni að þessu verkefni; m.a.hvað varðar símenntun almennt, náms- og starfsráðgjöf og mat á raunfærni.
2. Að fyrsta málsgrein í kaflanum um sí- og endurmenntun hljóði svona: „Mikil áhersla hefur verið lögð á sí- og endurmenntun undanfarin ár og margt gott verið gert í þeim efnum *m.a. með starfi fræðslu- og símenntunarmiðstöðva um land allt*“.
3. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar telja mikilvægt að endurmenntun fyrir þennan hóp sem tillagan nær til verði kostuð af opinberu fé, m.a. með sérstakri fjárveitingu til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva þannig að þeim verði gert kleyft að ráða til sín náms- og starfsráðgjafa til að sinna með markvissum hætti ráðgjöf til almennings um allt land.

F.h. Kvasis,
fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni


Bryndís Kristín Þráinsdóttir
Formaður stjórnar Kvasis